# 20/20

## Flugturn Keflavík

**Isavia**

# Efnisyfirlit

**1. KERFIÐ ..... 4**
1.1. Innskráning ..... 4
**2. DAGLEG VERKFÆRI ..... 5**
2.1. Daily Schedule ..... 6
2.2. Arrivals / Departures ..... 7
2.3. Brautartími staðfestur ..... 8

# 1. Kerfið

Airport 20/20 er nýtt AMS (Airport Management Systems) kerfi sem kemur í stað Axis í Keflavík og Lendingar2 á öllum innanlandsvöllum.

## 1.1. Innskráning

Aðgangur að kerfinu er í gegnum flýtivísun á skjáborði




Innskráningargluggi man notandanafn frá síðustu innskráningu en slá þarf inn lykilorð.



# 2. Dagleg verkfæri

Þegar forritið er ræst opnast daglegur vinnugluggi, Daily Schedule

Byrja skal á að stækka hann með því að smella á „Maximize“.



## 2.1. Daily Schedule

Í Daily Schedule er hægt að sjá flugáætlun allt að 6 daga fram í timann. Notandinn er stilltur á að sýna 1 dag á hverjum tíma.

Þegar Airport 20/20 er ræst upp opnast gluggi Daily Schedule sjálfkrafa. Ef glugganum er lokað fyrir mistök, er hægt að endurræsa forritið eða einfaldlega opna gluggann aftur.

Smellið á FIMS – Daily Schedule



## 2.2. Arrivals / Departures

Vinnuborðið Daily Schedule opnast með tvískiptum glugga, þar sem Arrivals er í efri hluta og Departures er í neðri hluta gluggans.




Efst hægra megin í hvorum hluta er lítið tákn, merkt á mynd.

Ef smelt er á táknið ofan við Arrivals hlutann fyllir hann upp í skjáinn. Aftur er smelt á táknið til að tvískipta sýninni á ný. Sama á við ef smelt er á táknið ofan við Departures í neðri hluta skjásins.

## 2.3. Velja daga

Hægt er að stýra því hversu marga daga fram í tímann hægt er að sjá í Daily Schedule. Hægri smellt er með músinni einhvers staðar á vinnusvæðið og valið „Sub Selection“




Upphafs og lokadagsetning tímabils sem birta á í glugganum er valið. Til að valið gildi fyrir bæði Arrivals og Departures þarf að passa að hakið sé neðst í „Save selection parameters“. Að lokum er smellt á OK.

## 2.4. Brautartími staðfestur

Til að staðfesta lendingu flugs eða brottför með tímasetningu og númeri flugbrautar þarf að finna viðkomandi flug, hægri smella með músarhnappi og velja “Amend ATC Details”. Flýtihnappur fyrir þessa aðgerð er 4 á reiknivélaborði.



Notandi hefur aðeins aðgang að þremur svæðum í glugganum þar sem flugbraut og brautartími er staðfestur, sjá mynd




Dagsetning og tími tölvunnar kemur sjálfkrafa inn í gluggann um leið og hann opnast, en hægt er að gera breytingu ef þörf krefur. Velja þarf númer flugbrautar með því að smella á örina hægra megin í reitnum og smella síðan á OK.

**Athugið** – staða bendilsins í glugganum þegar hann opnast er eins og skilið var við hann síðast. Það þýðir að ef smellt er á OK með músarhnappi opnast glugginn næst með „focus“ á OK hnappinn.

Ef Callsign vantar þarf að skrá það í viðeigandi reit áður en brautartími er uppfærður með OK.

**Ábending – Til að ferlið sé sem þægilegast, er mælt með þessari aðferð.**

Skiljið ávalt við gluggann með bendilinn í „Runway“ reitnum.

Ef leiðrétta þarf brautartímann er hægt að ýta á hnappa Shift+Tab til að flytja bendilinn í þann reit.

Eftir leiðréttingu brautartíma skal flytja bendil aftur í „Runway“ reit með Tab takka.

Veljið flugbraut með músarhnappi eða með því að slá inn fyrsta staf í flugbrautarnúmeri. 0 birtir braut 02, 1 birtir braut 10, 2 birtir fyrst braut 20, ef ýtt er aftur á 2 birtist næst braut 28.

Þegar braut hefur verið valin og bendill er áfram í viðkomandi reit skal ýta á Enter takkann á lyklaborðinu – hann staðfestir valið í glugganum.

Þegar þessi gluggi er opnaður næst verður bendillinn staddur í „Runway“ reitnum.